

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1996

17. desember 1996

1665

Nr. 647

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989.

1. gr.

1. ml. 2. mgr. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd, í umboði borgarstjórnar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Reykjavík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

2. gr.

1. ml. stafl. d. 2. mgr. hljóði svo:

Skýlt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur heilbrigðisnefnd ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Í 4. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

5. gr.

Í 5. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Framangreindar breytingar á samþykktinni gilda til 1. janúar 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.